

Dags.: 22.10.18/gej.

**Varðar:** Þjóðhildarstígur 2-6, umsókn um breytingu á deiliskipulagi..

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2018 var lögð fram umsókn Steinars Sigurðssonar dags. 8. ágúst 2018 um breytingu á deiliskipulagi Grafarholts svæði 3G vegna lóðarinnar nr. 2-6 við Þjóðhildarstíg. Í breytingunni felst að lóðarmörkum lóðarinnar er breytt þannig að göngustígur sem liggur að hluta inn á lóð liggja allur á borgarlandi, sú minnkun lóðar sem verður við þá færslu er bætt upp með hliðrum suðurmarka lóðarinnar sem því nemur, sunnan núverandi byggingar er heimiluð aðkoma fyrir þjónustu við efri hæð en bílastæði óheimil og felld er úr gildi kvöð um graspekju á þaki vörumóttöku á suðurhlið, samkvæmt uppdrætti Teikn arkitektþjónustu ehf. dags. 1. ágúst 2018.


#### **Skipulagsleg staða:**

Í gildi er deiliskipulag Grafarholts svæði 3G, samþykkt 11.des. 2013 og birt í b-deild 9.jan. 2014.

#### **Umsögn:**

Breytt lega göngustígs (núverandi lega) á borgarlandi hefur orðið til þess að lítið brot af honum fer inn fyrir lóðamörk lóðar Þjóðhildarstígs 2-6 en frágangur á lóðamörkum, sem er grjóthleðsla og malbik fer út fyrir lóðamörk (sjá mynd). Óskað er eftir breytingu á lóðamörkum vegna þessa auk þess sem óskað er eftir heimild til aðkomu fyrir þjónustu á efri hæð.

Ekki er fallist á að ekið sé að bakhlið hússins eins og fram hefur komið áður sbr. umsögn dags. 06.04.2017. Ganga skal snyrtilega frá baklóð í samræmi við skilmála deiliskipulags s.s. með gróðurpekju á þaki.





**Niðurstaða:**

Lagt er til að erindinu verði synjað sbr. umsögn hér að framan.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík.

Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt/verkefnisstjóri.

*Vakin er athygli á Gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1111/2014 vegna kostnaðar við skipulagsvinnu o.fl.*